



Fundur stjórnar Almannaheilla

haldinn í fundasal UMFÍ, Sigtúni 42, fimmtudaginn 9. júní 2016 kl. 09:00

Mætt: Ketill B. Magnússon, Erna Reynisdóttir, Haukur Ingibergsson, Hildur Helga Gísladóttir, Jón Pálsson, Jónas Guðmundsson, Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, Steinunn Hrafnadóttir, Þóra Þórarinsdóttir, Þórarinn Þórhallsson og Þröstur Emilsson

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Verkaskipting stjórnar
3. Fundaáætlun stjórnar
4. Fundur Fólksins 2. og 3. September 2016
5. Önnur mál

Þar sem þetta var fyrsti fundur eftir aðalfund bauð formaður nýkjörna stjórn velkomna til starfa, sérstaklega þá sem koma nýir inn í stjórn. Mættir kynntu sig og aðkomu sína að Almannaheillum.

Afgreiðsla:

1. Fundargerð síðasta fundar upplesin og samþykkt

2. Verkaskipting stjórnar

Formaður bar upp tillögu;

- Varaformaður: Steinunn Hrafnadóttir
- Gjaldkeri: Jónas Guðmundsson
- Ritari: Þröstur Emilsson
- Vefstjóri: Einar Bergmundur Arnbjörnsson

Samþykkt

Formaður fór yfir málefnaþópa, inntökuþóp og verksvið þeirra í stuttu máli.

Fulltrúar í inntökuþópi 2016-2017:

- Erna Reynisdóttir
- Steinunn Hrafnadóttir
- Þröstur Emilsson

Stefnt er að stefnumótunarfundi í haust, þar sem skipt verður í málefnaþópa.

Sjá nánar lið 3

Fulltrúar Almannaheilla í stýriþópi Fundar fólksins:

- Ketill Berg Magnússon
- Jónas Guðmundsson

3. Fundaáætlun stjórnar

Formaður bar upp tillögu að fundum stjórnar fram að aðalfundi 2017 sem og tillögu um stefnumótunarfund í haust. Stjórnarfundir eru alla jafnan fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 9 – 11 frá september til maí.

- 8. september 2016
- 6. október 2016
- 3. nóvember 2016
- 8. desember 2016
- 12. janúar 2017
- 2. febrúar 2017
- 2. mars 2017
- 6. apríl 2017
- 4. maí 2017
- Aðalfundur 24. maí 2017

Fundaplan samþykkt með fyrirvara um s.k.rauða daga. Ennfremur samþykkt að efna til stefnumótunarfundar í sal ADHD að Háaleitisbraut 13, þriðjudaginn 23. ágúst 2016 kl. 14 – 17.



4. Fundur Fólksins 2. og 3. September 2016

Formaður skýrði frá stöðu mála. Skipulag og undirbúningur gengur samkvæmt áætlun. Efnit var til kynningarfundar með fulltrúum félagasamtaka þriðjudaginn 7.júní og mættu um 60 manns. Þá hefur kynningarefni verið sent með rafrænum hætti á fjölda aðila.

Kynningarefnið verður sent stjórnarmönnum svo þeir geti áframsent það.

Áætlað er að skráningu þátttakenda verði að mestu lokið um miðjan júní.

Rætt um aðkomu Almannaheilla á fundinum sjálfum og viðburði á vegum samtakanna.

Ennfremur rætt um aðstöðu félagasamtaka í sameiginlegu tjaldi á svæðinu og verðlagningu. Því var velt upp hvort Almannaheill sköpuðu aðstöðu í tjaldinu fyrir aðildarfélög til kynningar.

HHG taldi brýnt að aðildarfélög fengju fría aðstöðu í básum í tjaldi til kynningar. Þá lagði hún áherslu á að aðkoma Almannaheilla væri skýr og sýnileg.

KBM lagði til að leitað yrði til Ragnheiðar Haraldsdóttur vegna undibúnings og skipulags málþings Almannaheilla á Fundi fólksins.

KSÁ hefur samband við markaðsstjóra Norræna hússins og kannar hvaða myndefni er til frá Fundi fólksins 2015 sem nýta mætti í kynningarstarfi.

ER spurði um aðkomu stjórnmalaflokka og stjórnmalamanna á Fundi fólksins.

HI benti á að prófkjör verða hjá mörgum stjórnmalaflokkum á sama tíma og Fundur fólksins fer fram, sem gæti gert viðburðinn lífligari.

Samþykkt að skipa undirbúningshóp vegna viðburða á vegum Almannaheilla á Fundi fólksins. Í hópnum sitja:

- Hildur Helga Gísladóttir
- Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir
- Ragnheiður Haraldsdóttir
- Steinunn Hrafnadóttir

Undirbúningshópurinn hittist miðvikudaginn 15.júní kl. 16:00 í húsnæði Krabbameinsfélagsins.

5. Önnur mál

ÞE minnti á póstlistaskráningu fulltrúa aðildarfélaga, einkum nýrra aðildarfélaga.

Erfðagjafir: Umræður hófust um erfðagjafir og hvort ætti að fara í sameiginlega útgáfu á bæklingi líkt og Krabbameinsfélagið og fleiru létu gera fyrir nokkrum árum. Barnaheill og Hjálparstarf kirkjunnar, ásamt fleiri mannúðarsamtökum eru að undirbúa endurútgáfu / endurskoðun bæklinga sem fjallar um erfðaskrár/erfðagjafir. Fundarmenn töldu þörf á frekari kynningu á málefnum en styrkur fælist í því að Almannaheill og Fjármála- og efnahagsráðuneytið kæmu að verkinu.

Formanni, **KBM**, falið að óska formlega eftir aðkomu að verkefninu.

Rætt um lögfræðiráðgjöf á vegum Almannaheilla í tengslum við erfðagjafir en slíkt er efni í sérstakt málþing.

JP spurði um stöðu frumvarps til laga um almannaheillasamtök. Frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi en óvíst er um afdrif þess á sumarþingi. Lagt til að stjórn sendi þingmönnum og ráðherrum bréf vegna málsins áður en sumarþing kemur saman, 15. ágúst 2016 og ítreki mikilvægi þess að málið komist á dagskrá.

Fundi slitið kl. 10:29.

- Næsti stjórnarfundur boðaður **fimmtudaginn 8. september 2016 kl. 09:00** að Sigtúni 42.
- Stefnumótunarfundur **þriðjudaginn 23. ágúst 2016 kl. 14:00** í fundasal að Háaleitisbraut 13.